

Grundarfjarðarbær
Þuríður Gía Jóhannesdóttir
Borgarbraut 16
350 Grundarfjörður

Reykjavík, 6. desember 2022
UST202211-226/A.B.
10.04.01

Efni: Lýsing - Breyting á aðalskipulagi Grundarfjarðarbæjar 2019 - 2039 og deiliskipulagi - Framnes Grundarfirði

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Grundarfjarðarbæjar er barst 25. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á breytingu á aðalskipulagi Grundarfjarðar 2019 - 2039, nýju deiliskipulagi fyrir Framnes og breytingu á deiliskipulagi fyrir Framnes austan Nesvegur (hafnarsvæði).

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að skilgreina svæði fyrir verslun og þjónustu nyrst á Framnesi og mögulegu íbúðarhúsnæði á hluta svæðisins, lengingu Miðgarðs og stækkun á landfyllingu.

Breiðafjörður

Umhverfisstofnun vill benda á lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar, en tilgangur þeirra er að stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að ofangreint komi fram í tillögunni og að tillagan sé í samræmi við verndarmarkmið laganna og verndaráætlun Breiðafjarðar¹.

Mikilvæg fuglasvæði

Umhverfisstofnun bendir á að innan skipulagssvæðisins er mikilvægt fuglasvæði skv. vistgerðakorti NÍ, sem nefnist Breiðafjörður, vegna sjófuglabyggðar² og fjara³. Umhverfisstofnun bendir á að á þessum svæðum eru fuglategundir sem eru forgangstegundir skv. Bernarsamningnum, á valista og ábyrgðartegundir Íslands⁴.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fjallað sé um fuglasvæðið í áætluninni og það komi fram í tillögunni hver sé stefna sveitarfélagsins varðandi vernd fuglasvæðisins.

Landfylling

Umhverfisstofnun bendir á að í tillögunni þarf að koma fram stærð svæðis sem fer undir landfyllingu, áætluð efnispörf landfyllingar og hvaðan efnið sé fengið.

Ef gert er ráð fyrir opinni landfyllingu er um að ræða varp í hafið samkvæmt 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Umhverfisstofnun vekur athygli á að samkvæmt 9. gr. laganna er varp efna og hluta í hafið óheimilt. Umhverfisstofnun

¹ [Breiðafjörður verndaraætlun 2014-2019 minnkad.pdf \(stjornarradid.is\)](#)

² <https://www.ni.is/is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi/breiðafjörður-0>

³ <https://www.ni.is/is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi/breiðafjörður>

⁴ <https://www.ni.is/greinar/forgangstegundir-fugla>

getur þó, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunar, veitt leyfi til að eftirtöldum efnum og hlutum sé varpað í hafið:

- a. dýpkunarefnum,
- b. náttúrulegum, óvirkum efnum, þ.e. föstum jarðefnum sem ekki hafa verið unnin efnafræðilega og samsett eru úr efnum sem ólíklegt er að losni út í hafsvæðið,
- c. fiskúrgangi frá fiskverkunarstöðvum í landi, enda standi sérstaklega á.

Með umsókn um varp í hafið þurfa að berast upplýsingar samkvæmt viðauka I við leiðbeinandi reglur um meðferð dýpkunarefnis.⁵

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í tillögunni að varp dýpkunarefna og náttúrulegra óvirkra efna í hafið, þ.e. fastra jarðefna, er háð leyfi Umhverfisstofnunar í samræmi við 9 gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Starfsleyfi

Stofnunin bendir á að skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skal allur atvinnurekstur, sem sótt er um starfsleyfi fyrir, vera í samræmi við skipulag. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fram komi með skýrum hætti í skipulagstillögunum hvar leyfilegt sé að vera með starfsemi sem er starfsleyfis skyld hjá Umhverfisstofnun, eða heilbrigðisnefnd, til að hægt sé að meta hvort starfsemin samræmist skipulagi, skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Mat á umhverfisáhrifum

Umhverfisstofnun bendir á að landfyllingar þar sem áætluð uppfylling er 5 ha eða stærri fellur undir B-flokk laga nr. 111/2021. Framkvæmdir sem eru að umfangi undir viðmiðunarmörkum flokks B (undir 5 ha) skulu ávallt tilkynntar séu þær staðsettar á verndarsvæðum. sbr. iii. lið 2. tölul. 2. viðauka. Breiðafjörður nýtur verndar samkvæmt sérlögum skv. b. lið iii. liðar 2. tölul. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Samkvæmt 1. mgr. 19. gr. laga nr. 111/2021 skulu tilkynningarskyldar framkvæmdir sem tilgreindar eru í flokki B í 1. viðauka við lögin háðar umhverfismati þegar þær eru taldar líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar skv. 2. viðauka. Sama á við um framkvæmdir sem eru að umfangi undir viðmiðunarmörkum í flokki B í 1. viðauka ef þær eru fyrirhugaðar á verndarsvæði, sbr. iii. lið 2. tölul. 2. viðauka.

Umhverfisstofnun bendir sveitarfélaginu á að hafa samband við Skipulagsstofnun varðandi ofangreint atriði.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

⁵ <https://ust.is/haf-og-vatn/varp-i-hafid-og-lagnir-i-sjo/varp-i-hafid/>